

Nd.

325. Frumvarp til laga

[152. mál]

um Fiskveiðasjóð Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 86. löggjafarþingi, 1965—66.)

1. gr.

Fiskveiðasjóður Íslands er sjálfstæð stofnun í eigu ríkisins. Sjóðurinn lýtur sérstakri stjórn, eins og segir í lögum þessum, en er í umsjá Útvegsbanka Íslands, með aðskildum fjárhag og bókhaldi. Heimili og varnarþing sjóðsins er í Reykjavík.

2. gr.

Hlutverk Fiskveiðasjóðs er að efla framleiðslu og framleiðni í fiskveiðum, fiskiðnaði og skyldri starfsemi með því að veita stofnlán gegn veði í fiskiskipum, vinnslustöðvum, svo og mannvirkjum, er þjóna sjávarútvegi, þar á meðal skipasmíðastöðvum, dráttarbrautum, viðgerðarverkstæðum, veiðarfæragerðum og verubúðum.

3. gr.

Auk eigna Fiskveiðasjóðs Íslands, skv. lögum nr. 40/1955, tekur sjóðurinn við öllum eignum Stofnlánadeildar sjávarútvegsins, skv. lögum nr. 41/1946 og nr. 48/1961. Á sama hátt tekur sjóðurinn við eignum Skuldaskilasjóðs útvegsmanna, skv. lögum nr. 120/1950. Tekur sjóðurinn við öllum eignum nefndra stofnana og sjóða, eins og þær eru hinn 1. janúar 1967. Frá sama degi tekur sjóðurinn að sér greiðslu allra skulda nefndra stofnana og sjóða, svo og efndir á öllum skuldbindingum og ábyrgðum þeirra, frá sama tíma að telja.

4. gr.

Auk stofnfjár skv. 3. gr. skal fjáröflun til Fiskveiðasjóðs vera með eftirtöldum hætti:

- a. vextir af lánum og öðrum kröfum,
- b. útflutningsgjöld af sjávarafurðum, sem renna til sjóðsins lögum samkvæmt,
- c. til viðbótar framlagi til sjóðsins skv. b-lið greiðir ríkissjóður honum jafnháa fjárhæð árlega,
- d. lántökur innan lands og erlendis, sbr. þó 7. gr. laga nr. 30/1960.

5. gr.

Stjórn Fiskveiðasjóðs getur ákveðið stofnun nýrra lánaflokka. Skal nánar kveðið á um þá í reglugerð, sem ráðherra setur, að fengnum tillögum stjórnar sjóðsins.

6. gr.

Ríkissjóður ábyrgist allar skuldbindingar Fiskveiðasjóðs gagnvart innlendum aðilum og greiðir þær, ef eignir og tekjur sjóðsins hrökkva ekki til.

Einnig ábyrgist ríkissjóður greiðslu allra lána, svo og efndir allra skuldbindinga, sem Fiskveiðasjóður tekur við af sjóðum og stofnunum þeim, sem nefndar eru í 3. gr.

7. gr.

Stjórn Fiskveiðasjóðs er í höndum 5 manna. Skal hún skipuð einum fulltrúa Seðlabanka Íslands, tveimur fulltrúum Landsbanka Íslands og tveimur fulltrúum Útvegsbanka Íslands. Sömu aðilar tilnefna jafnmarga varamenn. Stjórnin kys sér formann og varaformann. Sjóðurinn heyrir undir ráðherra þann, sem fer með sjávarútvegsmál. Til þess að fundur sjóðsstjórnar sé lögmætur, þarf meiri hluti stjórnarinnar að sitja hann, og ræður einfaldur meiri hluti fundarins ákvörðun stjórnarinnar.

8. gr.

Verkefni stjórnar Fiskveiðasjóðs eru þessi:

- a. Ákvarðanir um lántökur og aðra fjáröflun til starfsemi sjóðsins og útgáfu skjala í því sambandi,
- b. ákvarðanir um útlán sjóðsins og lánskjör,
- c. ákvarðanir um rekstraráætlun Fiskveiðasjóðs, er gerð skal fyrirfram fyrir eitt ár í senn,
- d. úrskurður reikninga sjóðsins og ákvörðun um ráðstöfun tekjuafgangs, svo og ákvörðun um afskriftir af kröfum hans,
- e. ráðning forstjóra sjóðsins,
- f. skipun matsnefndar.

Að öðru leyti en hér segir er umsjá og rekstur Fiskveiðasjóðs í höndum Útvegsbankans. Fer um útgáfu fjárskuldbindinga, að því er varðar daglega starfsemi sjóðsins, eftir ákvæðum laga nr. 12/1961 um Útvegsbanka Íslands, eftir því sem við á. Skal nánara kveðið á um þetta í reglugerð, sem ráðherra gefur út.

Stjórn Útvegsbankans ræður aðra starfsmenn sjóðsins og segir þeim upp starfi. Um laun, kjör og réttarstöðu forstjóra og starfsmanna gilda sömu ákvæði og um starfsmenn Útvegsbankans.

9. gr.

Handbært fé Fiskveiðasjóðs skal geymt í viðskiptareikningi í Seðlabankanum. Þó er sjóðnum heimilt að geyma fé í viðskiptareikningum við Landsbankann eða Útvegsbankann, ef svo stendur á, að sá banki, sem hlut á að máli, hefur veitt bráðabirgðalán til framkvæmda, sem stjórn Fiskveiðasjóðs hefur samþykkt að veita lán til, enda sé innstæðunni haldið innan þess hundradshluta útlagðs kostnaðar við verkið, sem ætla má að lánið úr sjóðnum nemi.

10. gr.

Starfsár Fiskveiðasjóðs er almanaksárið. Af tekjum hvers árs skal greiða kostnað við rekstur sjóðsins svo og töp vegna afskrifaðra lána. Útvegsbankinn og forstjóri sjóðsins skulu sjá um að ganga frá reikningum sjóðsins fyrir 1. marz ár hvert og hafa afhent þá stjórn sjóðsins. Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af tveim mönnum, er ráðherra skipar. Ráðherra staðfestir reikninga sjóðsins að fengnum úrskurði stjórnar og endurskoðenda. Ársreikning skal birta í Stjórnartíðindum.

11. gr.

Öll lán Fiskveiðasjóðs til fiskiskipa skulu tryggð með 1. veðrétti í skipunum. Til nýrra fiskiskipa, sem smíðuð eru innan lands, mega lán nema $\frac{3}{4}$ hlutum

kostnaðar eða matsverðs, þess er lægra reynist, en allt að $\frac{2}{3}$ hlutum kostnaðarverðs eða matsverðs með sama hætti, séu skipin smíðuð erlendis.

12. gr.

Lán, sem veitt eru gegn veði í öðrum eignum en skipum, að viðbættum lánum, sem hvíla á eigninni við veðsetningu með forgangsveði, mega hæst nema 60% af matsverði.

13. gr.

Hámarkslánstími má vera sem hér segir: Lán út á fasteignir 20 ár og lán út á skip 15 ár. Um önnur lán miðist lánstími við áætlaðan endingartíma hinna veðsettu eigna, skv. mati sjóðsstjórnar.

14. gr.

Umsækjendur um lán úr Fiskveiðasjóði geta valið um, hvort heldur þeir leggi lánbeiðnir sínar fyrir Fiskveiðasjóð eða viðskiptabanka sinn. Þær lánbeiðnir, sem lagðar eru fyrir viðskiptabanka umsækjenda, skal viðskiptabankinn senda Fiskveiðasjóði ásamt umsögn sinni. Fiskveiðasjóður skal á sama hátt leita umsagnar viðskiptabanka umsækjenda um umsóknir þær, er honum berast beint, áður en þær eru afgreiddar.

15. gr.

Vaxtakjör skulu ákveðin af stjórn Fiskveiðasjóðs að höfðu samráði við sjávarútvegsmálaráðherra og Seðlabankann, enda séu vextirnir ekki hærri en Seðlabankinn ákveður vexti hæsta af sambærilegum skuldum. Vextir af lánum greiðast eftir á á gjalddögum afborgana. Stjórn sjóðsins ákveður gjalddaga lána við hina ýmsu lánaflokka. Dráttarvextir skulu vera $\frac{1}{2}\%$ fyrir hvern byrjaðan hálfan mánuð, sem greiðsla dregst.

Auk matskostnaðar og annars beins kostnaðar, skulu lántakendur greiða 1% lán-tökugjald í varasjóð, skv. nánari ákvörðun sjóðsstjórnar.

16. gr.

Nú tekur sjóðurinn erlent fé að láni og lánar það innan lands, og er þá heimilt að semja svo um við lántakendur, að þeir beri halla eða njóti hagnaðar, er verða kann vegna gengisbreytinga, þannig að vaxta- og afborganagreiðslur hækki eða lækki í íslenskum krónum í hlutfalli við slíkar breytingar.

17. gr.

Skylt er þeim, sem lán fá úr Fiskveiðasjóði, að láta reikningsskrifstofu sjávarútvegsins í té afrit af rekstrar- og efnahagsreikningum fyrirtækja sinna í því formi, sem reikningsskrifstofan ákveður.

18. gr.

Stjórn Fiskveiðasjóðs skal skipa sérstaka matsnefnd til að meta þær eignir, sem í ráði er að veðsetja Fiskveiðasjóði. Skal nefndin skipuð þremur mönnum, einum tilnefndum af Seðlabankanum, einum af Landsbankanum og einum af Útvegsbankanum. Nefndin kýs sér formann. Skal nefndinni heimilt með samþykki stjórnar Fiskveiðasjóðs að skipa menn til þess að meta eignir á sínum vegum, enda skal hún endurskoða matið og staðfesta það. Eignir skulu metnar til endurkaupsverðs, að frádregnum eðlilegum afskriftum, er miðist við rýrnun eignarinnar, frá því að hún var ný. Skal matsnefndin semja nákvæmar reglur um framkvæmd matsins, er staðfestar skulu af stjórn Fiskveiðasjóðs. Lánbeiðendur greiða matskostnað.

Heimilt er matsnefndinni, eftir því sem henni þykir rétt, að notfæra sér mót, sem unnin hafa verið á vegum Fiskveiðasjóðs, Ríkisábyrgðasjóðs og Stofnlána-deildar sjávarútvegsins eftir 1961.

19. gr.

Fiskveiðasjóður er undanþeginn opinberum gjöldum og sköttum, hverju nafni sem nefnast. Öll skjöl viðvikjandi lánnum, sem sjóðurinn veitir eða tekur, eru undanþeginn stimpilgjöldum.

20. gr.

Skylt skal lántakendum að hafa hinar veðsettu eignir svo hátt váttryggðar, að vel nægi fyrir áhvilandi lánnum, og tekur veðréttur Fiskveiðasjóðs jafnan einnig til váttryggingarfjárins. Ef til útborgunar váttryggingarfjár kemur, getur Fiskveiðasjóður krafizt þess, að honum sé greidd beint upphæð, sem svarar til áhvilandi láns eða lána hans, enda sé tekið fullt tillit til þeirra veðhafa, er á undan eru í veðröð.

Öllum skuldunautum Fiskveiðasjóðs er skylt að láta sjóðnum í té árlegt afrit af rekstrar- og efnahagsreikningum sínum í því formi, sem hann ákveður, ef þeir afhenda þau ekki Landsbankanum eða Útvegsbankanum.

21. gr.

Heimilt er að telja lán eða eftirstöðvar láns úr Fiskveiðasjóði fallin í gjalddaga án uppsagnar:

- a. Þegar greiðslur af lánnum eru ekki inntar af hendi á réttum gjalddaga,
- b. við eigendaskipti að veði fyrir láni, ef veðið ferst eða rýrnar verulega í verði, er selt eða sett á uppboð, enda skal bæði seljanda og kaupanda skylt að tilkynna sjóðnum eigendaskipti þegar í stað.
- c. hin veðsetta eign er ekki starfrækt í 6 mánuði eða meira samfleytt, eðli sínu samkvæmt og tilgangi,
- d. hin veðsetta eign er flutt úr þeim stað, þar sem hún var starfrækt, er lán var veitt,
- e. ef lántaki hættir störfum eða breytir rekstri sínum að verulegu leyti að dómi sjóðsstjórnar.

22. gr.

Þegar lán er komið í gjalddaga, hefur Fiskveiðasjóður heimild til að láta selja veðið við opinbert uppboð án undangengins dóms, sáttar eða fjárnáms, hvað veð í fasteignum og skipum með tilheyrandi áhrærir, samkvæmt lögum um nauðungaruppboð nr. 57 frá 1949, sbr. lög um veð frá 4. nóv. 1887, 3. gr. og skal í þessu sambandi heimilt að semja svo um, að uppboð á hinu veðsetta megi fara fram í skrifstofu uppboðshaldara.

Nú er skip eða fasteign, sem Fiskveiðasjóður á veð í, seld á nauðungaruppboði, og ber þá uppboðshaldara að tilkynna Fiskveiðasjóði um uppboðið svo tímanlega, að hann geti látið fulltrúa sinn mæta við uppboðið.

23. gr.

Skuldunautar Fiskveiðasjóðs eru skyldir til að fullnægja öllum kvöðum og skuldbindingum, sem á þá eru lagðar í lögum og reglugerðum fyrir Fiskveiðasjóð.

24. gr.

Sjávarútvegsmálaráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um starfsemi Fiskveiðasjóðs.

25. gr.

Með lögum þessum eru felld úr gildi eftirfarandi lög:

- a. lög nr. 40 frá 16. maí 1955 um Fiskveiðasjóð Íslands, lög nr. 64 frá 29. maí 1957, lög nr. 41 frá 9. júní 1960, lög nr. 17 frá 10. marz 1961, öll um breyting á nefndum lögum nr. 40/1955, svo og 7. gr. laga nr. 12 frá 29. marz 1961, um Útvegsbanka Íslands,
- b. lög nr. 41 frá 29. apríl 1946 um Stofnlánadeild sjávarútvegsins við Landsbanka Íslands, lög nr. 30 frá 16. febrúar 1953 um sama, lög nr. 48 frá 29. marz 1961 um heimild Stofnlánadeildar sjávarútvegsins til að opna nýja lánaflokka, svo og öll önnur lög og lagaákvæði, er brjóta kunna í bága við lög þessi.

26. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Þó skulu ákvæði í 25. gr. ekki taka gildi fyrr en 1. janúar 1967.

Bráðabirgðaákvæði.

Seðlabankinn, Landsbankinn og Útvegsbankinn skulu nefna til sinn manninn hver til þess að taka við verðmætum, skuldum og skuldbindingum Fiskveiðasjóðs annars vegar og Stofnlánadeildar sjávarútvegsins hins vegar úr hendi núverandi stjórnenda þessara sjóða. Skulu þessir menn fylgjast með reikningsskilum beggja sjóða hinn 31. desember 1966 og gefa yfirlýsingu um, hverju þeir hafi við tekið og gera athugasemdir þar um, ef efni verður til. Rísi deilur um einhver atriði varðandi yfirtökuna skal sjávarútvegsmálaráðherra skera úr þeim.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í frumvarpi þessu er lagt til, að Fiskveiðasjóður Íslands og Stofnlánadeild sjávarútvegsins verði sameinuð í einn sjóð, sem heiti Fiskveiðasjóður Íslands. Verði hann undir sameiginlegri stjórn Seðlabanka Íslands, Landsbanka Íslands og Útvegsbanka Íslands. Dagleg störf sjóðsins verði í höndum Útvegsbankans.

Frumvarpið er að öðru leyti í meginatriðum svipað að efni og lög og reglugerðir, sem fram að þessu hafa gilt um sjóðina.

Sameining þessara tveggja stærstu lánasjóða sjávarútvegsins í einn öflugan sjóð hefur í för með sér, að auðveldara er að koma við hagkvæmri skiptingu ráðstöfunarfjárins milli hinna ýmsu greina sjávarútvegsins, en þarfir þeirra eru mjög mismunandi frá ári til árs. Eftirlit með notkun lánsfjárins ætti einnig að geta orðið virkara og meira samræmi en nú í útlánum. Loks hefur sameiningin í för með sér sparnað í rekstri og ýmislegt hagræði, sem ekki verður rakið hér frekar.

Oft hefur verið um það rætt, að sameina þessa sjóði. Segja má, að spor í þá átt hafi verið stigið með samstarfi því, sem tekið var upp milli Seðlabankans, Landsbankans og Útvegsbankans að lánamálum sjávarútvegsins á árinu 1961, er lausaskuldum sjávarútvegsins var breytt í löng lán á vegum Stofnlánadeildarinnar. Reynslan af þessu samstarfi hefur ótvírætt sýnt, að lánamálum sjávarútvegsins er bezt komið undir sameiginlegri stjórn þeirra banka, sem til þessa hafa séð um mestöll lánamál sjávarútvegsins, bæði rekstrarlán og stofnlán, jafnframt því sem dagleg störf verða í höndum Útvegsbankans, er farið hefur með stjórn Fiskveiðasjóðs til þessa.

Hér á eftir verður gerð í stuttu máli grein fyrir sögu og starfi Fiskveiðasjóðs og Stofnlánadeildar.

Fiskveiðasjóður.

Fiskveiðasjóður var stofnaður með lögum nr. 52 frá 10. nóvember 1905. Hlutverk sjóðsins skyldi vera „að efla fiskveiðar og sjávarútveg landsmanna“. Stofnfé hans var 100 þúsund krónur, er landssjóður lagði fram að mestu í skuldabréfum fyrir lánum úr Viðlagasjóði. Tekjur sjóðsins voru sex þúsund króna árlegt framlag

úr ríkissjóði og $\frac{1}{3}$ hluti sektarfjár fyrir ólöglegar veiðar í landhelgi, ásamt $\frac{1}{3}$ af nettóandvirði upptæks afla og veiðarfæra botnvörpunga.

Landsstjórnin (atvinnumálaráðuneytið) annaðist sjóðinn til ársloka 1930. Eignir hans voru þá orðnar kr. 697 856.30 og útlánin kr. 368 355.75. Á árinu 1930 var lögum sjóðsins breytt og ákveðið, að ríkissjóður legði honum 1 millj. króna, og nýr tekjuliður lögfestur, svo nefnt Fiskveiðasjóðsgjald, sem var þá $\frac{1}{8}\%$ af útfluttum sjávarafurðum. Jafnframt var hinum nýstofnaða Útvegsbanka Íslands h.f. falin stjórn sjóðsins og starfræksla, og hefur það fyrirkomulag haldizt síðan.

Fiskveiðasjóður hefur annazt alla starfrækslu Skuldaskilasjóðs vélbátæigenda, sem stofnaður var árið 1935, og enn fremur rekstur Skuldaskilasjóðs útvegsmanna frá árinu 1951, eftir að skuldaskilameðferð og lánveitingum lauk.

Löggjöf Fiskveiðasjóðs hefur oft verið breytt. Gildandi heildarlög um hann eru nr. 40/1955. Segir í þeim, að tilgangur Fiskveiðasjóðs sé að styrkja sjávarútveg Íslendinga, einkum bátáutveginn, með hagkvæmum stofnlánnum. Með þessum lögum var hámarksstærð skipa, sem sitja eiga fyrir lánnum, aukin úr 150 í 200 rúmlestir. Með lögum frá 1957 var þetta hámark aukið í 300 rúmlestir.

Lánveitingar Fiskveiðasjóðs hafa fyrst og fremst verið vegna kaupa á nýjum fiskiskipum. Lánað er til þeirra eingöngu gegn 1. veðrétti, og nema lánin nú $\frac{2}{3}$ af kostnaðarverði nýrra fiskiskipa, sem keypt eru erlendis, og $\frac{3}{4}$ kostnaðar- eða virðingarverðs skipa, sem smíðuð eru innan lands.

Þá veitir Fiskveiðasjóður lán til endurbóta og viðgerða á fiskiskipum, svo og til véla- og tækjakaupa í þau. Þessi lán hafa verið veitt gegn 1. samhliða veðrétti í skipunum og numið um helmingi kostnaðar.

Loks veitir Fiskveiðasjóður lán til fiskvinnslustöðva og annarra fasteigna í sjávarútvegi. Þessi lán sjóðsins nema hins vegar litlum hluta af heildarútlánnum hans, enda hefur sjóðurinn jafnan átt fullt í fangi með að sinna lánsfjárbörf vegna uppbyggingar fiskiskipaflotans.

Lánstími lána Fiskveiðasjóðs er nú 15 ár til fiskiskipa, en 10—12 ár til fasteigna, 5—8 ár til vélakaupa og 3 ár til tækjakaupa. Vextir af lánnum sjóðsins eru $6\frac{1}{2}\%$ af lánnum til skipakaupa og kaupa á tækjum og vélum, en 8% af fasteignalánnum.

Fastar, árlegar tekjur Fiskveiðasjóðs eru nú, auk vaxtatekna af útlánnum, hluti sjóðsins af útflutningsgjaldi af sjávarafurðum, en hann er nú 17.2%, svo og jafnhátt framlag ríkissjóðs. Auk þess hefur sjóðurinn haft 2 millj. kr. árlegt framlag úr ríkissjóði síðan 1956. Ofangreindir tekjuliðir námu á árinu 1965 samtals 135.3 millj. kr., en auk þess hafði sjóðurinn til ráðstöfunar það ár afborganir af lánnum, sem námu 82.9 millj. kr.

Útlán Fiskveiðasjóðs undanfarin fjögur ár hafa verið sem hér segir (í millj. kr.):

	1962	1963	1964	1965
1. Umsamdar greiðslur vegna innfl. skipa	57.7	54.0	71.7	86.9
2. Innlend skipasmíði	28.7	39.0	36.7	52.6
3. Skipaviðgerðir	39.4	38.1	17.3	15.5
4. Fasteignalán	3.3	3.6	2.1	2.5
Samtals	129.1	134.7	127.8	157.5

Varðandi fyrsta liðinn er rétt að taka fram, að sá háttur er hafður á um lán til innfluttra fiskiskipa, að lánin eru ekki greidd lántakendum, heldur tekur Fiskveiðasjóður að sér að greiða jafnóðum erlenda lánið, sem að jafnaði er til sjö ára og jafnhátt Fiskveiðasjóðsláninu.

Jafnaðarreikningur Fiskveiðasjóðs 31. janúar 1966 fer hér á eftir:

Eignir:

1. Útlán gegn veði í skipum	kr.	979 125 120.00
2. Fasteignalán	—	32 447 859.00
3. Lán vegna innl. skipasmíði	—	50 600 000.00
4. Fasteignalán PL 480	—	26 565 000.00
5. Bankainnstæða PL 480	—	2 435 000.00
6. Innstæðureikn. óafgr. lána	—	20 000 000.00
7. Verðbréf	—	2 698 456.00
8. Ýmsir skuldunautar	—	3 023 974.82
9. Kostnaðarreikningur	—	11 985.93
10. Bankainnstæða	—	75 459 548.27

Kr. 1 192 366 944.02

Skuldir:

1. Skuldir í erlendri mynt	kr.	121 273 681.51
2. Skuld við Seðlabanka Íslands	—	48 000 000.00
3. Framkvæmdabanki PL 480	—	29 000 000.00
4. Innstæður lántakenda	—	379 398 609.62
5. Viðskiptamenn	—	1 106 855.96
6. Vextir	—	4 587 796.93
7. Útflutningsgjald og ríkisframlag	—	14 000 000.00
8. Stofnsjóður	—	575 000 000.00
9. Afskriftareikningur	—	20 000 000.00

Kr. 1 192 366 944.02

Stofnlánadeild sjávarútvegsins.

Með lögum nr. 41/1946 var Stofnlánadeild sjávarútvegsins stofnuð í þeim tilgangi að veita lán til nýsköpunar sjávarútvegsins, er þá var á döfinni. Afgreiðsla lána úr deildinni hófst í júlí 1946.

Fjármagn til fyrstu lánaflökkanna nam kr. 153 869 000.00 og var aflað þannig:

Kr. 100 000 000.00 með láni frá Seðlabankanum.

— 28 000 000.00 með sölu skuldabréfa.

— 25 869 000.00 með framlagi frá ríkissjóði Íslands.

Lánin voru veitt gegn 1. veðrétti með 2½% ársvöxtum, til 15 ára vegna kaupa á notuðum skipum og til byggingar fiskvinnslustöðva og dráttarbrauta, en 20 ára til nýrra skipa. Lán til skipa námu mest 67%, en til mannvirkja í landi 60% af kostnaðarverði.

Lánin skiptust þannig:

Til kaupa á 39 togurum voru lánaðar alls	kr.	83 187 000.00
Til kaupa á 109 bátum voru lánaðar alls	—	41 434 000.00
Til bygg. hraðfrystih., fiskvinnslust. o. fl. 56 lán samt. að fjárh. —	—	28 640 000.00
Til byggingar dráttarbrauta, 2 lán, alls	—	608 000.00

Alls kr. 153 869 000.00

Lánin voru öll með ríkisábyrgð. Lánsávarðanir voru teknar af Landsbankanum að fengnum meðmælum Nýbyggingarráðs.

Nýir lánaflakkar við Stofnlánadeildina voru næst stofnaðir með lögum 48/1961. Var tilgangur laganna að breyta lausaskuldum sjávarútvegsins við viðskiptabankana í hagstæð lán við Stofnlánadeildina. Fjár til þessara lánveitinga var aflað með því að stofna til skuldar við Seðlabankann, en jafnframt skyldu viðskiptabankarnir bæta stöðu sína við Seðlabankann, sem næmi hinum nýju stofnlánunum.

Ný lán úr deildinni voru veitt gegn veði í framleiðslutækjum, allt að 70% af matsverði, er miðaðist við endurkaupsverð eignanna að frádregnum eðlilegum afskriftum. Hámarkslánstími var 10—20 ár, eftir því hvort um var að ræða veð í vélum, skipum eða fasteignum, og vextir 6½%.

Lánin voru veitt gegn einfaldri ábyrgð viðskiptabanka lánbeiðanda, og hafði hann jafnframt ihlutunarrétt um ráðstöfun lánsfjárins.

Lánveitingum í þessum lánaflakki lauk á árinu 1963, og námu lánin alls kr. 376.6 millj. kr., en tala lánanna var 245.

Stofnlánadeildin fylgdi Seðlabankanum við aðgreiningu Seðlabanka og Landsbanka árin 1957 og 1961, og hefur verið undir stjórn hans síðan.

Með reglugerð nr. 8/1965 var svo enn opnaður nýr lánaflakkur hjá Stofnlánadeildinni í þeim tilgangi að auka framleiðslu og framleiðni í fiskiðnaði og skyldri starfsemi.

Var gerður sérstakur samningur milli Seðlabankans, Landsbankans og Útvegsbankans um, að fjármagn frá þessum bönkum, sem var bundið í útlánunum deildarinnar frá 1961, verði að verulegu leyti látið ganga til nýrra lána í hinum nýja lánaflakki, eftir því sem það losnar. Af því heildarfjármagni, sem um var að ræða, miðað við 1. jan. 1964, lögðu bankarnir fram 100 millj. kr. sem framlagsfé, en 234.8 millj. kr. sem lán til 25 ára. Framlagsféð var aukið um 10 milljónir króna í byrjun þessa árs. Ákvarðanir um lánveitingar eru í höndum sérstakrar stjórnarnefndar, sem skipuð er tveimur fulltrúum Seðlabankans, tveimur frá Landsbankanum og einum frá Útvegsbankanum.

Gert er ráð fyrir, að í þessum lánaflakki verði hægt að veita 40—50 millj. króna í nýjum lánunum árlega. Um síðast liðin áramót var búið að veita 29 lán, samtals um 59 milljónir króna. Vextir hafa verið 8% p. a. Í þessum lánaflakki má lán, ásamt öðrum áhvilandi skuldum, aldrei nema meiru en 60% af matsverði.

Efnahagsreikningur Stofnlánadeildar um síðast liðin áramót fer hér á eftir:

Efnahagur Stofnlánadeildar sjávarútvegsins I 31. desember 1965.

Eignir:

Skuldabréf fyrir lánunum:

A-lán	kr. 19 931 282.00	
B-lán	— 355 845.00	
		kr. 20 287 127.00
Verðbréf		— 10 199 754.26
Ýmsir skuldunautar	kr. 667 628.74	
÷ Afskrifað 31/12 1965	— 250 000.00	
		— 417 628.74
Ógreiddir vextir		— 513 258.00
		<u>Kr. 31 417 768.00</u>

Skuldir:

Stofnlánadeildarbréf í umferð:

4% bréf til 15 ára 1946	kr. 21 000.00
4% bréf til 15 ára 1949	— 3 000.00
3% bréf til 5 ára (seld með vöxtum dregnum frá nafnverði)	— 47 000.00
	<u>kr. 71 000.00</u>

Skuld við Seðlabankann	kr. 28 823 404.41	
Að viðbættum skuldbindingum ríkissjóðs v/vangr. afborgana af A-lánum 31/12 '65	-- 2 325 938.00	
		--- 31 149 342.41
Ýmsir skuldheimtumenn		--- 72 263.94
Fyrir fram greiddir vextir		--- 103 383.00
Höfuðstóll:		
Frá fyrra ári	kr. 261 133.73	
Samkvæmt rekstrarreikningi 1965	--- 10 644.92	
	Kr. 271 778.65	
÷ Afskrifað af ýmsum skuldunautum	--- 250 000.00	
		--- 21 778.65
		Kr. 31 417 768.00

Efnahagur Stofnlánadeildar sjávarútvegsins II 31. desember 1965.

Eignir:

Skuldabréf fyrir lánum:		
C-lán	kr. 104 420 211.10	
D-lán	--- 136 608 404.33	
E-lán	--- 2 357 500.00	
F-lán	--- 65 497 600.00	
		kr. 308 883 715.43
Innstæða hjá Seðlabanka:		
Innstæða á viðskiptareikningi	kr. 5 115 860.14	
Að frádreginni skuld v/E-láns	-- 2 957 500.00	
		--- 2 158 360.14
Verðbréf		--- 32 414 941.61
Ýmsir skuldunautar		--- 872 966.06
Ógreiddir vextir		--- 9 543 067.00
		Kr. 353 873 050.24

Skuldir:

Framlagareikningur:		
Seðlabanki Íslands	kr. 49 283 840.00	
Landsbanki Íslands	--- 49 283 840.00	
Útvegsbanki Íslands	--- 24 641 920.00	
		kr. 123 209 600.00
Skuldabréfareikningur:		
Seðlabanki Íslands	kr. 111 511 945.29	
Landsbanki Íslands	--- 105 914 256.79	
Útvegsbanki Íslands	--- 9 168 151.44	
		--- 226 594 353.52
Skuldheimtumenn		--- 300 000.00
Fyrir fram greiddir vextir		--- 1 432 000.00
Afskriftareikningur		--- 2 000 000.00
Höfuðstóll:		
Frá fyrra ári	kr. 668 778.59	
Samkvæmt rekstrarreikningi 1965	--- 968 318.13	
	Kr. 1 637 096.72	
÷ Yfirfært á afskriftareikning	--- 1 300 000.00	
		--- 337 096.72
		Kr. 353 873 050.24

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Þar sem Fiskveiðasjóður er stærri og eldri þeirra tveggja sjóða, sem samein-
aðir eru, er talið rétt að nefna hinn nýja sjóð Fiskveiðasjóð Íslands. Ákvæði um
stjórn sjóðsins eru í 7. og 8. gr. frumvarpsins, en þar er tekið fram, að sjóðurinn
sé í umsjá Útvegsbanka Íslands. Er þar átt við, að dagleg stjórn sjóðsins sé á
vegum bankans, en ekki varzla fjármuna nema að takmörkuðu leyti, sjá 9. gr.

Samkvæmt greininni er sjóðurinn sjálfstæð persóna að lögum með aðskildum
fjárhag og bókhaldi, og Útvegsbankinn ber enga ábyrgð á skuldbindingum hans.

Um 2. gr.

Hlutverk sjóðsins er að vinna að þeim verkefnum, sem Fiskveiðasjóður og
Stofnlánadeildin höfðu, þ. e. að efla framleiðslu og framleiðni í fiskveiðum og
fiskiðnaði, bæði á sjó og í landi, með veitingu stofnlána. Auk þess er gert ráð fyrir,
að sjóðurinn veiti lán til þjónustustöðva sjávarútvegsins. Hefur Stofnlánadeildin
veitt lán til þeirra, bæði í fyrstu lánaflokkunum á árunum 1946—47, svo og skv.
reglugerð nr. 8 1965 í þeim lánaflokki, sem nú er opinn.

Um 3. gr.

Allar eignir og skuldbindingar hins eldri Fiskveiðasjóðs og Stofnlánadeildar
ganga til hins nýja sjóðs hinn 1. janúar 1967. Sama máli gegnir um eignir og skuldir
Skuldaskilasjóðs útvegsmanna, en þessir sjóðir hafa verið í umsjá Fiskveiðasjóðs.

Um 4. gr.

Fjáröflunarleiðir hins nýja sjóðs verða að mestu hinar sömu og verið hafa. Í b-
og c-liðum greinarinnar eru endurteknar óbreyttar heimildir, sem voru í lögum nr.
1/1964 3. og 4. gr. Gert er ráð fyrir, að þau lög falli úr gildi og að ný lög, sem
komi í þeirra stað, endurnýji heimildina, sem var í 3. gr. nefndra laga. Er því
tekjulind, sem var skv. 4. gr. sömu laga um viðbótarframlag ríkissjóðs, fastákveðin
í c-lið frumvarpsins sem sjálfstæð heimild.

Í d-lið greinarinnar er veitt heimild til fjáröflunar með lántökum innan lands
og utan og vísað í því sambandi til 7. gr. laga nr. 30/1960. Er þetta gert vegna
erlendra lána, sem sjóðurinn kann að taka. Er rétt, að sjóðurinn leiti samþykkis
ríkisstjórnarinnar um erlendar lántökur eins og aðrir.

Um 5. gr.

Greinin fjallar um stofnun nýrra lánaflokka. Er gert ráð fyrir, að sjávarútvegs-
málaráðherra setji í reglugerð nánari ákvæði um þá, að fengnum tillögum stjórnar
sjóðsins. Jafnframt er gengið út frá því, að meðan heimild greinarinnar, um stofnun
nýrra lánaflokka, er ekki notuð, þá verði útlánunum við hinn nýja Fiskveiðasjóð
hagað á sama hátt og verið hefur til þessa við báða sjóðina. Á þetta einnig við um
nústarfandi lánaflokk Stofnlánadeildarinnar, skv. reglugerð nr. 8/1965. Seðlabank-
inn, Landsbankinn og Útvegsbankinn leggja fé til flokksins og gerðu í því sambandi
samning um hann í janúar 1965 á grundvelli nefndrar reglugerðar. Er framhald
þess flokks, í núverandi mynd, innan hins nýja Fiskveiðasjóðs að sjálfsgöðu háð
samþykki þessara banka.

Aðalstarf Fiskveiðasjóðs hefur verið að veita lán til fiskiskipa, og hefur sjóður-
inn, vegna mikilla kaupa á þeim, ekki getað veitt fé að neinu ráði til fiskverkunar-
stöðva í landi.

Stofnlánadeildin lánaði hins vegar upphaflega (frá 1946 í A- og B-lánaflokkum)
bæði til fiskiskipa og stöðva í landi. Í C-, D- og E-lánaflokkum frá 1961—62 bæði
til skipa og landstöðva, en núverandi lánaflokkur, F, sem er starfandi í útlánunum,
skv. reglugerð nr. 8/1965, lánar eingöngu til fiskvinnslustöðva, svo og að einhverju
leyti til stöðva, sem veita sjávarútvegi þjónustu, t. d. skipasmíðastöðva, dráttar-
brauta o. fl.

Um 6. gr.

Með lögum nr. 40/1955, um Fiskveiðasjóð, var ríkissjóði heimilt að ábyrgjast lán fyrir sjóðinn, að fjárhæð kr. 150 millj. Ríkissjóður hefur hins vegar ekki borið ábyrgð á öðrum skuldbindingum sjóðsins né lánum, sem sjóðurinn hefur veitt. Samkvæmt 4. gr. laga nr. 41/1946, um stofnlánadeildina, bar ríkissjóður ábyrgð á skuldbindingum hennar gagnvart Seðlabankanum, en eins og áður segir, fékk deildin upphaflega að láni 100 millj. kr. frá Seðlabankanum til útlána, sem hófust 1946. Ríkisábyrgð hefur hins vegar ekki verið fyrir hendi varðandi C-, D-, E- og F-lánaflokka Stofnlánadeildar.

Í 6. gr. er staðfest ábyrgð ríkissjóðs á öllum skuldbindingum, sem Fiskveiðasjóður tekst á hendur gagnvart innlendum aðilum. Skuldbindingar þessar eru fyrst og fremst í íslenskum krónum, en lagaheimildin felur í sér, að skuldbindingar í erlendri mynt njóti einnig ríkisábyrgðar, enda séu þær gagnvart innlendum aðilum. Um slíkar skuldbindingar Fiskveiðasjóðs er nú að ræða gagnvart Framkvæmdabanka, Landsbanka og Seðlabanka vegna endurlánaðs erlends fjár.

Ábyrgð þessi er hliðstæð ríkisábyrgð, sem Stofnlánadeild landbúnaðarins býr við, sjá 11. gr. laga nr. 75/1962, og er í samræmi við reglur, sem gilda nú orðið um marga opinbera sjóði og stofnanir, t. d. veðdeild Landsbankans, ríkisviðskiptabankana o. fl.

Sérstaka lagaheimild þarf til að stofna til ríkisábyrgðar með gjaldeyrisláni Fiskveiðasjóðs við erlenda aðila.

Í 2. málsgrein er staðfest, að ríkisábyrgð skuli vera til tryggingar greiðslu allra lána og skuldbindinga, sem Fiskveiðasjóður tekur við frá fyrirrennrum sínum. Á þetta við, hvort sem ríkisábyrgð hefur verið fyrir hendi á slíkum ábyrgðum eða ekki.

Um 7. gr.

Stjórn Fiskveiðasjóðs hefur til þessa verið í höndum Útvegsbankans undir yfirumsjón sjávarútvegsmálaráðherra.

Stofnlánadeildin var frá upphafi til 1957 í höndum Landsbankans, en frá þeim tíma í höndum Seðlabankans, og heyrir deildin undir bankamálaráðherra.

Í greininni er gert ráð fyrir, að hinn nýi Fiskveiðasjóður verði undir stjórn bankanna þriggja, Seðlabankans, Landsbankans og Útvegsbankans. Sjóðurinn heyrir undir sjávarútvegsmálaráðherra á sama hátt og var um hinn eldri Fiskveiðasjóð.

Um 8. gr.

Í 1. málsgrein er að finna tæmandi upptalningu á verkefnum sjóðsstjórnar. Er æskilegt að þetta sé gert, til þess að kveða sem skýrast á um verkaskiptingu milli stjórnar sjóðsins annars vegar og stjórnar Útvegsbankans hins vegar.

Forstjóri sjóðsins er ráðinn af stjórn hans og er hann ábyrgur gagnvart henni. Aðrir starfsmenn hins vegar verða ráðnir af Útvegsbankanum og þeir, ásamt forstjóranum, skulu um laun, starfskjör og réttarstöðu, sitja við sama borð og starfsmenn Útvegsbankans.

Öll dagleg starfsemi sjóðsins fellur undir forstjóra sjóðsins og stjórn Útvegsbankans.

Um 9. gr.

Í 1. málsgrein 11. gr. laga nr. 10/1961, um Seðlabankann, segir, að lánsstofnanir og fjárfestingarsjóðir skuli geyma laust fé sitt á reikningi í Seðlabankanum, eftir því sem við verður komið.

Er mjög eðlilegt, að handbært fé Fiskveiðasjóðs verði geymt í Seðlabankanum með þeim undantekningum, sem um ræðir í seinni hluta 9. gr. Algennt er, að greindir viðskiptabankar veiti bráðabirgðalán til viðskiptavina sinna, eftir að hafinn er undirbúningur að veitingu stofnlána til þeirra. Er sanngjarnt, að mótvirði slíkra bráðabirgðalána sé lagt inn í hlutaðeigandi banka og standi þar fram að lánveitingu.

Handbært fé Fiskveiðasjóðs hefur til þessa verið geymt í Útvegsbankanum. Er æskilegt, að Seðlabankinn létti undir með Útvegsbankanum, ef með þarf, þegar hann missir úr sinni vörzlu fé sjóðsins.

Um 10. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 11. gr.

Fiskveiðasjóður hefur til þessa eingöngu lánað gegn 1. veðrétti til fiskiskipa, og er mjög æskilegt, að sú regla haldist. Lánshlutföll þau, sem ákveðin eru í greininni eru óbreytt, frá því sem verið hefur í starfi sjóðsins.

Um 12. gr.

Útlán Fiskveiðasjóðs til annarra eigna en skipa hafa verið mjög takmörkuð. Lán þessi hafa að vísu verið eingöngu á 1. veðrétti, eins og skipalán, en lánshlutföll miðað við mat hins vegar verið ákveðin hverju sinni.

Á hinn bóginn hefur skapast hámarksregla um lánshlutföll í starfsemi Stofnlánadeildar sjávarútvegsins. Regla núverandi lánaflokks er sú sama og lagt er til að gildi við Fiskveiðasjóð. Er þessi regla einnig í samræmi við hina almennu reglu, sem gildir við veitingu ríkisábyrgða. Hefur reynslan sýnt, að þetta lánahlufall má ekki vera óhagstæðara fyrir lánveitanda en gert er ráð fyrir í greininni. Hins vegar felst í greininni, að ekki er áskilinn 1. veðréttur fyrir þessum lánum, en það hefur verið gert til þessa við Fiskveiðasjóð, eins og áður segir, en ekki við Stofnlánadeildina í síðustu lánaflökkum.

Um 13. gr.

Í greininni er kveðið á um lánstíma, og eru þeir að mestu óbreyttir, frá því sem verið hefur við Fiskveiðasjóð og Stofnlánadeildina.

Um 14. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 15. gr.

Engin breyting felst í greininni að öðru leyti en því, að dráttarvextir við Fiskveiðasjóð, sem hafa verið $\frac{3}{4}\%$ — 1% á mánuði, verða nú $\frac{1}{2}\%$ fyrir hvern byrjaðan hálfan mánuð, sem greiðsla dregst.

Um 16. gr.

Fiskveiðasjóður endurlánar erlent lánsfé og þarf því heimild þá, sem hér um ræðir. Sambærilegt ákvæði var í lögum Fiskveiðasjóðs frá 1955.

Um 17. gr.

Hér er endurtekið ákvæði fyrri laga.

Um 18. gr.

Matsaðferð sú, sem ræðir um í greininni, var tekin upp eftir setningu laga nr. 48/1961, um opnun nýrra lánaflokka við Stofnlánadeildina, og hefur gilt við hana síðan. Sömu leiðis hefur sambærilegt mat verið unnið á vegum Ríkisábyrgðasjóðs frá nóvember 1962, er Seðlabankinn tók að sér varðveislu sjóðsins. Er mjög áriðandi, að framhald verði á mati þessu við Fiskveiðasjóð. Er þá fyrirsjáanleg nán samvinna Fiskveiðasjóðs og Ríkisábyrgðasjóðs um þessi mót og liggur í augum uppi, hve mikilvægt það er. Má hugsa sér, að úr þessu verði samræmt mat, sem allir fjárfestingasjóðir hins opinbera og viðskiptabankarnir styðjist við.

Í samræmi við þetta gerir 2. málsgrein ráð fyrir að styðjast megi við mót unnin við nefndar stofnanir eftir 1961. Að sjálfsögðu er þá gert ráð fyrir, að þau séu yfirfarin og uppfærð vegna breytinga á eignum og þess tíma, sem liðið hefur frá matsgerð.

Um 19.—26. gr. og bráðabirgðaákvæði.

Þarfnast ekki skýringa.